

**Nd.**

**610. Breytingartillögur**

[17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Friðrik Sophussyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „launafólks“ komi: fólks.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Húsnæðismálastjórn ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa 7 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingis-kosningum. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:
  1. Að fara með stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

2. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlánir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
3. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
4. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða aðrir leggja fyrir hana.
5. Við 9. gr.
  - a) 2. tl. orðist svo:  
Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af byggingarsjóðsgjöldum, tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
  - b) Nýr töluliður komi er verði 6. tl. og orðist svo:  
Með 3½% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.
  - c) Nýr töluliður komi er verði 7. tl. og orðist svo:  
Með 1% lántökugjaldi af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir.
6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:  
Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 30 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.
7. Við 37. gr. Greinin orðist svo:  
Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:
  - a) Með tekjum af eigin fé.
  - b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði af fjárlögum, sem nema skal 70% af áætlaðri fjármagnsbörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.
  - c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 20% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
  - d) Með lántöku.  
Eigið fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.  
Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum, sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.
8. Við 39. gr. Greinin orðist svo:  
Í þeim sveitarfélögum, sem ákveða að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða. Ráðherra skipar stjórn verkamannabústaða þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og tveir eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
9. Við 40. gr. Greinin orðist svo:  
Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.
10. Við 47. gr. 2., 3., 4. og 5. mgr. falli niður.
11. Við 49. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal greiða 10% af byggingarkostnaði íbúðar. Þar af 5% af áætluðu kostnaðarverði, innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

12. Við 57. gr. Greinin falli niður.
13. Við 58. gr. Greinin falli niður.
14. Við 62. gr. 1. málslíður 1. mgr. orðist svo:  
Sveitarstjórn ráðstafar þeim leiguíbúðum, sem reistar eru á hennar vegum.
15. Við 69. gr. Greinin orðist svo:  
Tæknideild skal starfa innan Húsnæðisstofnunar. Verkefni hennar eru þessi:
  1. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á til þess að settum skilyrðum sé fullnægt.
  2. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg mál-efni og annast samskipti við opinbera aðila, sem vinna að rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.
  3. Að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdráttar af íbúðarhúsum og kynna bestu lausnir, sem fást úr slíkri samkeppni hverju sinni.
  4. Að vera sveitarstjórnnum og stjórnnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning félagslegra íbúðabygginga.